

## GJALDSKRÁ

### fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu í Eyjafjarðarsveit.

#### 1. gr.

##### *Meginreglur.*

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu, eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er verulegur umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa, sem er kr. 9.000-, eða gjald skv. reikningi.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

Lagatiltvitnanir: þar sem vitnað er til ákveðinnar greinar í lögum er átt við skipulagslög nr. 123/2010.

#### 3. gr.

##### *Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.*

##### 3.1 Verulegar breytingar:

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 36. gr., viðmiðunargjald	kr. 90.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	kr. 60.000

##### 3.2 Óverulegar breytingar:

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 36. gr., viðmiðunargjald	kr. 60.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	kr. 20.000

#### 4. gr.

##### *Kostnaður vegna deiliskipulags.*

##### 4.1. Nýtt deiliskipulag:

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	vinna skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	kr. 60.000

##### 4.2. Verulegar breytingar:

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	vinna skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.	kr. 60.000

##### 4.3. Óverulegar breytingar:

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr.	vinna skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr.	kr. 20.000

#### 5. gr.

##### *Kostnaður vegna grenndarkynningar.*

Grenndarkynning, sbr. 44. gr., viðmiðunargjald	kr. 20.000
--	------------

## 6. gr.

*Kostnaður vegna einstakra framkvæmda.*

Afstöðumynd	kr. 20.000
Yfirlitsmynd	kr. 20.000
Leyfi fyrir einstökum framkvæmdum, sbr. 1. mgr. 57. gr.	kr. 20.000

## 7. gr.

*Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.*

Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	kr. 90.000
Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	kr. 40.000
Mælingar vegna magntöku o.þ.h.	vinna skv. reikningi
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	kr. 20.000

## 8. gr.

*Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gjöld miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012, skv. grunni frá 2010 (112,3 stig) og uppreiknast í janúar ár hvert til samræmis við breytingar á henni.

## 9. gr.

*Gjalddagi.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við afgreiðslu erindis nema um annað sé samið.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, 7. maí 2012.*

**Jónas Vigfússon**, sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. júlí 2012